

Ferðafélag Íslands
Inga Rósa Þórðardóttir
Mörkinni 6
108 Reykjavík

2001070098
8612; 9310

Reykjavík, 23. ágúst 2001
/--

Efni: Olíutankur í Landmannalaugum. Ákvörðun um matsskyldu.

Vísað er til erindis Ferðafélags Íslands mótttekið 30. júlí 2001 þar sem Skipulagsstofnun er tilkynnt uppsetning olíutanks í Landmannalaugum samkvæmt 6. gr. laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum og lið 3 e í 2. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði álits Holta- og Landsveitar og Náttúruverndar ríkisins.

Umsagnir bárust frá Náttúruvernd ríkisins með bréfi dags. 14. ágúst 2001 og Holta- og Landsveit með bréfi dags. 22. ágúst 2001. Afrit af álitsgerð Heilbrigðiseftirlits Suðurlands um framkvæmdina barst Skipulagsstofnun frá Ferðafélagi Íslands þann 13. ágúst 2001.

FRAMLÖGÐ GÖGN FRAMKVÆMDARAÐILA

Fyrirhuguð framkvæmd

Um er að ræða staðsetningu 2000 lítra olíutanks að stærðinni 1 x 2 m í varnargarði um 190 m norðaustan við skála Ferðafélags Íslands í Landmannalaugum. Fyrirhuguð er að grafa tankinn inn í varnargarðinn. Við tankinn verði tengd 12,5 kW olíurafstöð á hjólum sem fyrir er í Landmannalaugum. Tenging olíutanksins við rafstöðina verði með svokallaðri "fasttengingu" og verði frágangur á tengingunni í samræmi við lög og reglugerðir þar að lútandi. Fram kemur í bréfi framkvæmdaraðila að með þessum úrbótum dragi verulega úr mengunarhættu en fram til þessa hafi olía verið flutt inn í Landmannalaugar í brúsum og hellt á rafstöðina.

ÁLIT UMSAGNARAÐILA

Í umsögn Holta- og Landsveitar, Náttúruverndar ríkisins og framlögðu bréfi Heilbrigðiseftirlits Suðurlands kemur fram að framkvæmdin skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR

Um er að ræða staðsetningu 2000 lítra olíutanks að stærðinni 1x2 m í Landmannalaugum.

Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 3 e í 2. viðauka með lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum.

Í samræmi við 6. grein laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu framkvæmdaraðila við tilkynningu og umsagnir. Á grundvelli þessara gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að staðsetning 2000 lítra olíutanks í Landmannalaugum sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum. Skipulagsstofnun bendir á nauðsyn þess að við frágang olíutanks og búnaðar við hann verði farið að reglugerð nr. 35/1994 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi.

Framkvæmdin er framkvæmdaleyfis skyld og leita þarf meðmæla Skipulagsstofnunar með veitingu framkvæmdaleyfis skv. 3. tl. bráðabirgðaákvæða skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.br. þar sem ekki liggur fyrir deiliskipulag af svæðinu.

Samkvæmt 6. grein laga nr. 106/2000 má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til umhverfisráðherra. Kærufrestur er til 24. september 2001.

Hólmfríður Sigurðardóttir

Óli Halldórsson

Afrit.

Umhverfisráðuneytið, Holta- og Landsveit, Heilbrigðiseftirlit Suðurlands og Náttúruvernd ríkisins.